

# HJARTAVERND



30. ÁRGANGUR  
1. TÖLUBLAÐ JÚNÍ 1993

## Ljúffengir og hollir réttir



Myndskreytt matreiðslubók með ábendingum um nýja línu í mataræði.

Laufey Steingrímsdóttir. Sjá bls. 15.

### Meðal efnis:

Storkumyndun og storkuleysing  
Páll Torfi Ónundarson, læknir

Ársskýrsla Hjartaverndar  
Magnús K. Pétursson, formaður Hjartaverndar

Endurhæfingarstöð á Akureyri  
Jón Þór Sverrisson, yfirlæknir

### Líffæraflutningar

Árni Kristinsson, yfirlæknir


Starfsemi neyðarbíls  
Gestur Þorgeirsson, hjartaérfræðingur

Ársskýrsla Rannsóknastöðvar Hjartaverndar  
Nikulás Sigfússon, yfirlæknir

Endurhæfingarstöð í Reykjavík  
Sólrún H. Óskarsdóttir og Auður Ólafsdóttir, yfirþjálfarar



# Öryggisbók - Trompbók Tvær í öruggum vexti



**SPRON**  
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis

*-fyrir þig og þína*

## 30. ÁRGANGUR 1. TÖLUBLAÐ MAÍ 1993

### Útgefandi:

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi

### Ritstjórn:

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júliusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

### Afgreiðsla blaðsins:

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð, sími 83755

### Setning, umbrot, filmuvínna og prentun:

Svansprent hf.

### Efni:

Líffæraflutningar .....	1
Árskýrsla Hjartaverndar .....	3
Um storkumyndun, storkuleysingu og segasjúkdóma .....	6
Um starfssemi neyðarbíls .....	9
Árskýrsla Rannsóknastöðvar Hjartaverndar .....	11
Ljúffengt og hollt .....	17
Norræna Hjartaverndarsambandið .....	21
Endurhæfingarstöð á Akureyri .....	23
HL-stöðin í Reykjavík í 4 ár .....	25

**Árni Kristinsson, Ph. D.:**  
**Frá hjartadeild Landspítalans og**  
**læknadeild Háskóla Íslands:**

# LÍFFÆRAFLUTNINGAR

Prennt hefur gerst á síðustu árum, sem ætti að vekja Íslendinga til íhugunar um gjöf líffæra:

- Sett voru lög á Alþingi um breytta skilgreiningu dauða.
- Tilkoma nýrra ónæmisbælandi lyfja til að hindra höfnun líffæra.
- Samið var við Svíu um brotnám og ígræðslu líffæra.

En fyrst skal rakið í stuttu máli hvað hver og einn, lifandi sem dáiinn, getur gefið náunga sínum.

### 1. BLÓÐGJÖF

Þetta er langalgengasti líffæraflutningurinn. Árlega gefa á annan tug þúsunda Íslendinga blóð. Í upphafi aldarinnar uppgötvaði Austurríkismaðurinn

Karl Landsteiner ABO blóðflokkakerfið og síðar Rhesus kerfið. Þar með var lagður grundvöllur að flutningi blóðs án þess að blóðþeginn veikist. Á árum fyrr heimsstyrjaldar fannst efni sem hindrar storku blóðs og létti það mjög blóðflutninginn. Skátar skipulögðu blóðgjafir handa særðum hermönnum í striðinu mikla.

Einnig hér á landi voru það skátar sem fyrstir fóru að gefa blóð árið 1935. Komu þeir á Landspítalann til Guðmundar Thoroddsens prófessors í handlæknisfræði. Voru blóðgjafi og þegi lagðir á bekki hlið við hlið, nálum stungið í báða, þær tengdar saman með slöngu og blóði dælt á milli. En fljótlega var farið að safna blóði í flösku



Árni Kristinsson

og síðan plastpoka og geyma í kæli þar til nota þurfti blóðið.

### 2. BLINDIR SJÁ!

Í lok síðustu aldar hófu augnlæknar í gamla austuríkska keisaradæminu að nema brott hornhimnu úr dánu fólkis og græða í blinda. Hornhimnan nærist ekki um æðakerfið. Þess vegna hafnar hinn blindi síður líffærinu, en hafnanir koma þó alltaf fyrir.

Hér á landi hófust þessar aðgerðir árið 1981 á Landakotsspítala. Hornhimnur hafa fengist frá látnum Íslend-

ingum eða úr norrænum hornhimnu-banka í Árósum. Margir blindir Íslendingar eru með arfgengan sjúkdóm, svonefnda blettóttu hornhimnuveiklun. Er talið að forfaðirinn hafi flutt þennan erfðaeiginleika til landsins á 18. öld. Árlega fá 10-14 blindir Íslendingar sjón með hornhimnuflutningi.

### 3. NÝRNAFLUTNINGAR

Lifandi fólk getur gefið annað nýra sitt náskyldum ættingjum þar sem tvö nýru eru í líkamanum.

Árið 1954 flutti bandaríski læknirinn Joseph Murray nýra milli eineggja tvíbura. Nýrnaþeginn hafnaði ekki nýranu þar sem báðir höfðu sömu vefjagerð. Næstu ár voru nýru flutt milli skyldmenna. En árið 1962 hófst brott-nám nýrna úr dánu fólki til ígræðslu.

Íslenskur bróðir gaf systur sinni nýra árið 1970. Síðan hafa verið grædd um 75 nýru í Íslendinga. Íslendingar hafa átt góða samvinnu við hin Norðurlöndin vegna nýrnaflutninganna. Hefur Scandiatransplant skráð þá sem bíða eftir nýra og deilt út nýrum sem bjóðast til þeirra sem líkasta vefjagerð hafa. Hafa Íslendingar hingað til verið þiggjendur eingöngu.

### 4. „OG GAF ÞÉR HJARTAÐ Í BRJÓSTI MÉR“

Heimsbyggðin stóð á öndinni 3. desember 1967, þegar Christian Barnard flutti hjarta úr stúlku og græddi í 54 ára karlmann í Groote Schuur spítalanum í Höfðaborg. Á þeim 25 árum sem liðin eru hafa fjölmargir gefið hjartað úr brjósti sér sem lifir áfram í nýjum líkama.

Árangur framan af var lélegur vegna höfnunar. Gáfust margir upp, en Shumway læknir í Kaliforníu hélt áfram að þróa tæknina við þessa aðgerð. Honum tókst árið 1981 að flytja bæði hjarta og lungu samtímis. Um svipað leyti kom nýtt lyf, cyclosporine, til sögunnar og árangur hefur síðan verið

stórum betri. Nú er vandamálið gríðarleg eftirspurn eftir hjörtum og lungum, en framboð afar takmarkað.

Fyrsti íslenski hjartaþeginn, Halldór Halldórsson, fékk nýtt hjarta og lungu í London 2. febrúar 1988. Síðan fengu tveir í viðbót hjarta í London og nú nýlega aðrir tveir úti í Gautaborg.

### 5. LIFUR OG BRIS

Fyrsta lifrarflutninginn gerði Startzl árið 1963. Ekki komst mikill skriður á þessar aðgerðir fyrr en fyrir rúmum áratug eins og á við um alla líffæra-flutninga.

Fyrsti íslenski lifrarþeginn fékk lifur í Bretlandi árið 1984 og síðan hafa aðrir þrír þegið lifur í Bretlandi, Bandaríkjum og Svíþjóð. Enginn Íslendingur hefur fengið briskirtilsígræðslu.

### 6. BEINMERGUR

Nóbelsverðlaunahafinn Thomas flutti blóðmerg milli manna árið 1957 og tókst að sýna fram á að gefnar blóðfrumur gátu þroskast í mergþeganum. En allir mergþeganir dóu vegna sérstaks vandamáls við mergflutninga sem er áras ónæmiskerfis gefandans á framandi vef mergþegans. Fyrsti sjúklingurinn sem læknar aðist var meðhöndlaður af sömu læknunum árið 1968 þegar veffaflokkanir og ónæmibælandi meðferð hafði verið þróuð. Þessi tækni hefur verið í mikilli framför sl áratug. Í fyrstu fengu sjúklingar með meðfædda ónæmibilun og síðar hvítblæði fluttan í sig merg úr heilbrigðum einstaklingi eftir að sjúkdónum var útrýmt með lyfjum og geislum. Hin síðari ár hefur tekist að

geyma merg sjúklinga utan líkamans og gefa eigandanum hann aftur að meðferð lokinni. Langfrægasti beinmergsþeginn er stórteneróinn José Carreras, sem hafði hvítblæði og sumir segja að syngi enn betur eftir að hann horfðist í augu við dauðann áður en hann þáði merg og líf.

Síðastliðið ár hafa þrír Íslendingar þegið mergigræðslu í Bandaríkjum, en mergflutningar á Íslendingum hafa einnig verið gerðir í Bretlandi og í Svíþjóð.

### 7. NÝ SKILGREINING DAUÐA


Menn töldust dánir hér á landi þegar hjartað hætti að slá og blóðrásin stöðvaðist. En 6. mars 1991 samþykkti Alþingi lög um ákvörðun dauða. Nú telst maður vera láttinn þegar öll heila starfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Önnur lög gera kleift að nema líffæri brott úr nýláttnu fólki. Hægt er að halda öndun og blóðrás gangandi með vélum meðan verið er að ganga úr skugga um að maðurinn sé láttinn, að heilinn starfi ekki lengur. Síðan eru líffæri fjarlægð, ef leyfi hefur fengist. Rétt er að leggja ríka áherslu á að með þessu er ekki verið að flýta andláti eða nema brott líffæri úr lifandi fólki. Lögin gera ráð fyrir ennþá strangari skilyrðum og nákvæmari rannsóknunum á heildauða, ef nema á líffæri brott. Heilarit má ekki sýna neina starfsemi í heilanum, slagæðamyndataka af heila skal leiða í ljós að hann er algerlega óvirkur og sérfraðingur í heilasjúkdónum verður að meta sjúkling og rannsóknarniðurstöður og staðfesta að viðkomandi sé dáinn. Ekkert líf er án heilans þótt öndun og blóðrás sé haldið gangandi með vélum

### 8. HÖFNUN LÍFFÆRA

Hver einstaklingur erfir að hálfu eiginleika móður og föður. Líkaminn byggir upp ónæmiskerfi sem berst gegn óboðnum gestum, þ.á.m. sýkingavöldum, bakteríum og veirum. Hann þolir ekki innrás lífrænna efna. Þess vegna verður höfnun á líffærum úr öðrum einstaklingum. Hornhimna augans og hjartalokur hafa ekki æðakerfi og skemmast því sjaldnar. Menn

*Magnús Karl Pétursson:*

# SKÝRSLA FORMANNS HJARTAVERNDAR á aðalfundi 25. mars 1993



*Magnús Karl Pétursson*

## Góðir félagar

Starfsemi Hjartaverndar hefur á liðnu starfsári verið með hefðbundnum hætti. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 7 stjórnarfundir, þar af 4 í framkvæmdastjórn og 3 í aðalstjórn. Auk þess hefur sú venja haldist að formaður ásamt yfirlækni, framkvæmdastjóra og fræðslu- og upplýsingafulltrúa hittist vikulega og fari yfir stöðu málá bæði í fjárhagslegum rekstri og rekstri rannsóknarstöðvar. Á þeim fundum eru undirbúin mál fyrir framkvæmdastjórn og aðalstjórn.

Á árinu var kosið í eftirtaldar starfsefnendir stjórnar Hjartaverndar: Í vísindaráð voru kosnir Þórður Harðarson, prfessor, sem er jafnframt formaður, Atli Dagbjartsson, læknir, Árni Kristinsson, læknir, Gestur Þorgeirsson, læknir, Guðmundur Þorgeirsson, læknir, Jón Sigurðsson, forstjóri, Laufey Steingrímsdóttir, næringarfræðingur, Sigmundur Guðbjarnason, prfessor, Vilhjálmur Rafnsson og Þórólfur Þórlindsson, prfessor.

Í rannsóknastjórn voru kosnir læknarnir Guðmundur Þorgeirsson, Davíð Davíðsson, Gunnar Sigurðsson, Nikulás Sigfússon og Uggi Agnarsson.

Í stjórn rannsóknar- og leitarstöðvar voru kosnir Nikulás Sigfússon, Hrafn Tulinius og Uggi Agnarsson.

Í stjórn rannsóknarstofu voru kosnir Davíð Davíðsson, Nikulás Sigfússon og Þorsteinn Þorsteinsson.

Í upplýsinga- og útgáfustjórn voru kosnir Magnús Karl Pétursson, Sigurður Helgason og Uggi Agnarsson.

Við gerð síðasta ársreiknings var tekin upp sú stefna að bókfæra ýmsan útlagðan kostnað á MONICA-rannsókn sem áður hafði verið bókaður á Rannsóknarstöð Hjartaverndar. Má þar nefna rekstur fasteignar, skrifstofu- og stjórnunarkostnað og afskriftir. Fjárhæð sú sem farið var fram á að ríkið veitti til þessarar starfsemi var síðan í samræmi við þessa upphæð. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram kom hins vegar í ljós að framlag til MONICA-rannsóknarinnar var aðeins 3,7 milljónir eða tæpum 2 milljónum undir kostnaði og framlag til rannsóknarstöðvarinnar aðeins 8,2 milljónir sem er sama upphæð og fyrir síðasta ár. Þrátt fyrir góðar móttökur í fjárveitinganefnd og að því er virtist skilning nefndarmanna á mikilvægi starfsemi Hjartaverndar fékkst engin hækkan á þessum tölum og mátti jafnvel skiljast að gott þætti að halda sömu fjárhæð og áður. Láta mun nú nærri að framlag ríksins til starfsemi Hjartaverndar nemí nú um 1/4 af kostnaði, en megnið af því sem á vantar fæst fyrir skoðun

fólks sem leitar til Hjartaverndar til skoðunar og rannsóknar. Stjórn Hjartaverndar hefur því tekið þeim fréttum um breytingar á lögum um Almanna-tryggingar með nokkrum ugg, þar sem gert er ráð fyrir heimild ráðherra til að taka í notkun tilvísanir frá heimilislæknum til þess að Sjúkratryggingar greiði niður kostnaðinn. Telja menn hættu á því að þetta atriði, sem er beinlínis til þess að draga úr sérfræðipjónustu, verði til þess að draga úr aðsókn fólks til rannsókna á Rannsóknarstöð Hjartaverndar og fóru því formaður ásamt yfirlækni og Hjörðísi Kröyer og Sigurði Helgasyni á fund heilbrigðismálaráðherra, til viðræðu við hann um stöðu Hjartaverndar í þessu máli. Fundurinn með ráðherra var miðvikudaginn 24. 3. eða í gær. Í því viðtali kom fram að ekki hefur verið tekið sérstakt tillit til Hjartaverndar við undirbúning tilvísunarkerfis. En fram kom að í fyrrhuguðu kerfi er ætlað að það verði ódýrara fyrir sjúkling að koma í rannsókn með tilvísun en nú er, en Tryggingastofnunin mun hins vegar taka að einhverju leyti þátt í rannsóknunum án tilvísunar, en hversu mikil kom ekki fram. Þeir tveir möguleikar sem lagðir voru fyrir ráðherra til lausnar á þessu máli voru annars vegar að Hjartavernd væri undanþegin tilvísun-

um sem greiðsluheimild og var það rökstutt með því að þar færir fyrst og fremst fram leit að hjartasjúkdómum en ekki meðhöndlun sjálfra sjúkdómannna, slíkt væri í höndum hjarta-sérfræðinga. Annar möguleiki til lausnar á þessu væri sá að ríkið legði fram fé sem svaraði þeiri upphæð sem hægt væri að sýna fram á að tapast myndi við upptöku tilvísanakerfis.

Happdrætti Hjartaverndar skilaði nú aðeins meira fé til rekstrarins en árið áður þrátt fyrir heldur minni sölu happdrættismiða. Hins vegar varð nú halli á rekstri félagsins annað árið í röð eins og sjá má á reikningum félagsins. Upphæðin er að vísu ekki há og sam-svarar nokkurn vegginn þeiri upphæð sem hefur farið í viðhaldskostnað á húseign Hjartaverndar en viðhald hefur verið í lágmarki á undanförnum árum þar til á síðustu 2 árum að verið er að taka í gegn útveggi. Enn á eftir að gera við veggi stigagangs að hluta svo og norðurhlíðar hússins. Er ætlunin að gera þetta á yfirstandandi ári.

Í útgáfu- og fræðslumálum hefur verið unnið með hefðbundnum hætti. Rit Hjartaverndar hefur komið út reglulega undir ritstjórn Sigurðar Helgasonar, en upplag ritsins er nú alls 2900 eintök. Þá var tekin upp sú ný-breytni að skrifa ýmsum félagsamtökum og klúbbum og bjóða fram fræðsluerindi frá Hjartavernd. Hafa þegar verið flutt nokkur erindi þar sem kynnt hefur verið starfsemi félagsins og ýmsar niðurstöður rannsókna.

Áfram hefur verið unnið að undir-búningi á útgáfu mataruppskriftabókar í samvinnu við Manneldisráð og Krabbameinsfélagið. Gert hefur verið uppkast að samningi varðandi útgáfuna við Vöku-Helgafell, en enn hefur ekki verið skrifað undir þann samning, en stefnt að útgáfunni nk. haust. Laufey Steingrímsdóttir, sem er formaður ritstjórnar þeirrar bókar, hefur leitað eftir fjárstuðningi ýmissa samtaka sem

standa að matvælaframleiðslu og yfirleitt fengið mjög jákvæðar undirtektir. Þó hafa stór samtök á svíði matvælaframleiðslu, Markaðsnefnd landbúnaðarins, ekki séð sér fært að styðja þessa útgáfu.

Skjöl Hjartaverndar þar með talðar sjúkraskýrlur og ýmis frumgögn rannsókna taka nú orðið upp mikið geymslurými. Er nú sá möguleiki í skoðun að kaupa 30-40 fermetra í kjallara undir húsi Hjartaverndar en þar mundi fást gott geymslurými fyrir þessi gögn í stað þess að geyma þau í dýru skrifstofuhúsnæði.

Áfram hefur verið unnið að undir-búningi nýrrar rannsóknaráætlunar. Leyfi Tölvunenfdar ríkisins þurfti til tölvuleitar að afkomendum þeirra sem þátt tóku í Reykjavíkurraðsókninni en ætlunin er að sá afkomendahópur myndi upplistöðuna í nýrri rannsóknaráætlun. Það tók nokkurn tíma að fá þetta leyfi en fíkkst á endanum. Settar hafa verið fram hugmyndir um þá þætti sem verða rannsakaðir. Nýlega var hér staddir þekktur sérfræðingur í blóðstorkurannsóknum, dr. Charles Francis, og var honum kynnt rannsóknaráætlunin og þegin ráð hans í sambandi við ýmsa þætti. Þá er fyrir-hugaður nú í vor sameiginlegur fundur vísindaráðs, rannsóknastjórnar o.fl. að-ila þar sem rædd verða hin ýmsu atriði þessarar nýju rannsóknar, sem væntan-lega mun leiða til endanlegrar niðurstöðu. Ljóst er þó að við slíkan undir-búning þarf mjög að vanda til allra verka.

Í samvinnu við Landssamtök hjarta-sjúklinga var staðið sameiginlega að kynningu á hjartasjúkdómum og stöðu þeirra í dag á Alþjóðaheilbrigðisdaginn þann 7. apríl sl. vor. Mjög myndar-lega var staðið að verki og var m.a. sérstök dagskrá í Ríkissjónvarpinu og mikið um viðtöl við lærða og leika á öldum ljósvakans og sömuleiðis birtar fjölmargar greinar í dagblöðum.

Af öðrum samvinnuverkefnum Hjartaverndar og Landssamtaka hjarta-sjúklinga má nefna það að næstkomandi haust verður haldinn hér fundur Samtaka norrænna hjartafélaga, Nordisk Hjerte Union, sem Hjartavernd er aðili að ásamt LHS. Í undirbúnings-nefnd af hálfu Hjartaverndar hafa verið skipuð Karl Friðrik Kristjánsson og Hjörðís Kröyer, en hún sótti fund þessara samtaka í Kaupmannahöfn sl. haust. Þá átti Hjartavernd einnig aðild að „Hjartagöngunni“ 27. júní sl. vor, sem Landssamtök hjartasjúklinga stóðu fyrir, en Karl Friðrik Kristjánsson og Björn Einarsson voru í undir-búningsnefnd fyrir hönd Hjartaverndar.

Yfirlæknir rannsóknarstöðvar mun hér á eftir flytja skýrslu stöðvarinnar en þar kemur fram að starfsemi hennar hefur verið með miklum blóma og margvíslegar rannsóknir í gangi. Má þar m.a. nefna fitusýrumælingar á frystu sermi sem geymt hefur verið frá fyrri rannsóknum. Hefur niðurstöðu þeirrar rannsóknar verið beðið með nokkurri eftirvætingu en vitað er af fyrri mælingum að fitusýrur í sermi Íslendinga eru að sumu leytí frábrugðnar því sem er meðal annarra Evrópuþjóða og endurspeglar mikla fiskneyslu okkar. Kynni þessi niðurstaða að varpa að einhverju leytí ljósi á þá staðreynd að þrátt fyrir tiltölulega hátt meðalgildi kólesteróls í sermi Íslendinga er tíðni kransæðastíflu lægri hér en annars staðar á Norðurlöndum og hefur farið lækkandi á undanförnum árum.

MONICA-rannsóknin hefur nú staðið í u.p.b. 10 ár og fer nú að síga á seinni hlutann með þá rannsókn. Margt bendir þó til þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vilji halda þessari rannsókn áfram og væri æskilegt fyrir allra hluta sakir að Ísland taki áfram þátt í þeiri rannsókn. Þessi rannsókn hefur ekki aðeins sýnt okkur á mjög afgerandi hátt hvernig tíðni kransæða-

stíflu hefur breyst á þessu 10 ára tíma-bili, heldur hefur hún einnig gefið okk-ur tækifæri til þess að bera okkur sam-an við aðrar þátttökuþjóðir í sama verkefni. Hver svo sem framtíð MON-ICA-rannsóknarinnar sjálfrar er, hlýtur það skráningarkerfi sem komið hefur verið á fót í sambandi við hana að halda áfram ef fylgjast á áfram með ferli þessa sjúkdóms á Íslandi.

Niðurstöður rannsókna Hjarta-verndar hafa á þessu starfsári burst víða, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, og vekja alls staðar athygli

fyrir frábærilega vönduð vinnubrögð. Á þessum vetrí eru 25 ár liðin síðan fyrsti sjúklingurinn kom í skoðun á-rannsóknarstöðina. Af því tilefni hefur ritstjórn Morgunblaðsins samþykkt að birta kynningargreinar nú á næstunni um starfsemi rannsóknarstöðvarinnar. Þessi starfsemi hefur fyrir löngu sann-að gildi sitt fyrir heilbrigðisþjónustuna hér á landi, enda er ætíð vitnað í nið-urstöður hennar þegar ráðamenn heil-brigðismála þurfa að fjalla um faraldf-ræði hjarta- og æðasjúkdóma á Ís-landi. Mér finnst að þeir sömu ráða-

menn mættu oft sýna velvilja sinn bet-ur í verki en gert hefur verið þegar fjárfamlög til starfseminnar hafa ver-ið ákveðin.

Ég vil að endingu þakka starfsfólki Hjartaverndar, jafnt á rannsóknarstöð-inni sem á skrifstofunni, fyrir vel unnin störf. Samstarfsmönnum í stjórn Hjartaverndar þakka ég fyrir góða samvinnu og óeigingjörn störf í þágu samtakanna. Að lokum vil ég þakka öllum velunnurum Hjartaverndar um land allt velvild og hlýhug í garð sam-takanna.

# FITUMINNSTA VIÐBIT Á ÍSLANDI !

...en samt með ósvíknu smjörbragði.

AUK / SIA K9/26-645



**KLÍPA** er ný tegund af viðbiti sem ætlað er ofan á brauð.

**KLÍPA** er tvímælalaust tímamótavara. Fitán í henni er aðeins 27% eða þriðjungi minni en í öðru léttu viðbiti.

**KLÍPA** hefur einnig þann frábæra eiginleika að fitan, sem notuð er við framleiðsluna, er 4/5 smjör og 1/5 olía. Þess vegna er **KLÍPA** ekki aðeins afar fitusnauð heldur er af henni ljúffengt smjörbragð.

Bragðaðu á **KLÍPU**  
- hún bregst ekki!



Páll Torfi Önundarson, læknir:

# Um storkumyndun, storkuleysingu og segasjúkdóma

## Inngangur:


Yfir helmingur allra dauðsfalla á Vesturlöndum er vegna blóðsegamyndunar (blóðtappa), t.d. kransæðastíflu, blóðsega í heila eða blóðsegareks til lungna. Blóðsegamyndun verður venjulega í tengslum við aðra sjúkdóma t.d. æðasjúkdóma, blóðsjúkdóma, krabbamein, skurðaðgerðir og áverka. Líta má á blóðsega sem of mikla myndun blóðstorku á röngum stað, sem oftast hindrar blóðflæði. Blóðsegamyndun verður ekki í heilbrigðum líkama, þótt blóðstorknun sé eðlileg vörn æða. Í þessari grein verður fjallað um eðlilega og í framhaldi af því óeðlilega blóðstorknun og meðferðarmöguleika við segasjúkdóma.

Blóðið er lifandi vefur, líffæri, samsett m.a. af blóðvatni, söltum, próteinum og blóðkornum (frumum). Hlutverk blóðsins er fjölpætt en í einföldum orðum er það lífshvati allra líffæra með flutningi súrefnis með rauðum blóðkornum, næringar, salta, snefilefna og hormóna til líffæra, og flutningi úrgangsefna og eiturefna frá líffærum til útskilnaðar í nýrum, lifur eða lungum. Hvítu blóðkornin vernda líkamann fyrir sýkingum ásamt öðrum þáttum ónæmiskerfisins. Hjartað og blóðrásin sjá um flutning blóðsins um líkamann. Ef blóðflæði stöðvast algerlega verður meðvitundarleysi og fljótt dauði.

Par sem blæðing getur leitt til dauða hefur líkaminn innbyggt varnar- og viðhaldskerfi, sem hefur það hlutverk að stöðva blæðingar eða með öðrum orðum að viðhalda blóðrásinni. Þetta varnarkerfi blóðrásarinnar er kallað hemostatíksa kerfið og er samsett af mörgum samverkandi þáttum: blóðflögum, storkukerfi, storkuleysandi kerfi. Þótt kerfið sé ákaflega fljótvirk og blóðið geti storknað á augabragði, hefur kerfið engin skaðleg áhrif undir venjulegum aðstæðum: blóðsegar („blóðtappar“) myndast ekki í eðlilegum líkama.

## Hvað er blóðstorknun?

Ef við skerum okkur blæðir um stund, en í flestum tilfellum hættir blæðingin innan fárra mínútna. Okkur finnst það sjálfsagt og við leiðum ekki sérstaklegan hugann að því hvers vegna blæðingin hættir; hvers vegna blóðið storknar.



Páll Torfi Önundarson

Því síður hugleiðum við hvers vegna blóðið storknar ekki inni í blóðrásinni. Skýringin

liggur þó etv. í augum uppi: Í eðlilegum æðum verður ekki blóðstorknun, en þegar æð skemmist, hvort heldur vegna áverka eða t.d. æðakökunar, hefst storkumyndun þar sem æðaskemmdin er fyrir hendi en ekki annars staðar í líkamanum. Á þann hátt dreifist blóðstorknunin ekki um allan líkamann á stjórnlausán hátt.

Hvernig getur líkaminn stjórnað myndun og útbreiðslu blóðstorknunar? Til þess eru margar samtvinaðar aðferðir, sem verður lýst hér að neðan, en mynd 1 er stílfærð, einfölduð lýsing á eðlilegri blóðstorknun.

**1. Blóðflögur; viðloðun og samloðun:** Í beinmerg eru sérstakar móðurfrumur, sem framleiða svokallaðar blóðflögur, sem eru brot úr umfrymi móðurfrumanna. Blóðflögurnar sveima um blóðið á saklausan hátt undir venjulegum aðstæðum, en hafa þann eiginleika að loða við skemmdan æðavegg og þegar slíkt gerist taka þær einnig að loða saman hver við aðra. Viðloðun (adhesion) og samloðun (aggregation) blóðflaga verður sem sagt sjaldan þegar æðaveggur er heill. Sé æðaveggur hinsvegar rofinn safnast blóðflögur saman og mynda kökk, sem lokar sárinu og eiga flögurnar þannig þátt í myndun þess sem við köllum blóðstorku og þar með að stöðva blæðingar.

**2. Fíbrín net: prótín flækja mynduð af storkukerfinu.** Í blóðinu er safn efnahvata: „storkuþættir“, sem mynda í sameiningu s.k. „storkukerfi.“ Storkuþættirnir vinna saman að því markmiði að mynda próteinflækju eða net, s.k. fíbrín net, sem myndast í kringum blóðflögukökk og gefur honum styrk og varanleika. Rauð og hvít blóðkorn flækjast einnig í netið og þannig verður til blóðstorka, samsett úr blóðflögum og fíbrínneti ásamt rauðum og hvítum blóðkornum.

Eins og að ofan er lýst eru blóðflögur og storkukerfi óvirk

undir eðlilegum aðstæðum, en almennt eru það þrír þættir, sem setja kerfin í gang og valda blóðstorknun. Í fyrsta lagi getur óeðlilegt blóðflæði hvatt til storkumyndunar, t.d. of hægt blóðstreymi eða óeðlileg iðumyndun í blóði, þótt yfirleitt valdi breytt blóðflæði eitt sér ekki virkjun storkukerfisins. Dæmi um slíkt ástand er t.d. langvarandi sjúkralega og gáttatíf í hjarta. Í öðru lagi eru þekktir sjúkdómar þar sem blóðið veldur óeðlilegri segahneigð víðsvegar um líkama, hvort heldur er meðfætt eða áunnið. Dæmi þess eru sjaldgæfir sjúkdómar þar sem skortir náttúruleg blóðþynningarfefni eða óeðlilega mikil samloðun blóðflaga verður, t.d. segamýndandi blóðflöguæð. Síðast en ekki síst kemur fram storkumyndun ef skemmd verður á æðavegg (sjá mynd 1). Sé skemmdin útbreidd getur storkumyndunin orðið það mikil, að blóðsegi myndist, þ.e. blóðstorka, sem hindrar eðlilegt blóðflæði. Dæmi um slíka segahneigð eru æðakölkun (t.d. í kransæðum), bólga í æðavegg (t.d. hnútamyndandi fjölæðabólga) eða sýkingar í æðapelfrumum (t.d. af völdum Rickettsiae sýkla). Oft verður segamýndun vegna samtvinnunar ofannefndra þátta..


Þótt ekki verði frekar um það fjallað í þessari grein, skal þó nefnt að of lítl virkni eða fækkun storkuþáttu og blóðflaga eða of mikil virkni storkuleysikerfisins veldur hinu gagnstæða við segamýndun þ.e. blæðingatilhneigingu. Dæmi um slíka sjúkdóma eru mótefnamynduð blóðflögufæð, hvítbleði, von Willenbrands sjúkdómur og dreyrasýki (hemophilia).

#### Hvers vegna storknar blóð ekki í eðlilegum æðum?

Milli blóðsins og æðaveggjarins er einfalt lag þekjufruma; æðapelfruma (sjá mynd). Í eðlilegum líkama er samspil milli blóðs og æðapelfruma, sem kemur í veg fyrir að blóð taki að storkna. Lagið undir æðapelfrumunum, undirþelið, ræður á hinn bóginn hvort storkumyndun hefjist yfirhöfuð. Enginn tilgangur er með storkumyndun í órofinni blóðrás, enda verður hún ekki sé blóðið og starfsemi æðapelfrumanna eðlileg. Þessa samvinna blóðs og æðapelfruma má kalla „náttúrulega blóðþynningu og storkuleysingu“, en hún er nauðsynleg til að verja blóðrásina. Ef ekki nytí við þessara efna myndi minnsti skurður á fingri leiða til óheftrar storkumyndunar um allan líkamann, lokunar æða, stöðvunar blóðrásar og dauða. Eins og skýrist af ofansögðu og af skýringarmynd ber blóðið í sér efnivið storkumyndunar og náttúruleg blóðþynningarefni, en það er snerting blóðsins við æðapelfrumur eða við undirþel, sem ræður hvort ræsing verður á storkukerfi eða ekki.

#### Meðferð við blóðsegum:

Meðferð við blóðsegum er beitt á ýmsum stigum, en



Stílfærður þverskurður á æð. Ef æðapelsfruma skemmist (rofnar af) kemst blóðið í snertingu við undirlag æðapelsins; undirþelið, en í undirþelinu eru protein, sem koma af stað blóðstorkumyndun. Þannig loða t.d. blóðflögur við von Willenbrand pátt í undirþeli og vefsþapáttur kemur af stað storkukerfinu, en af völdum þess verður bæði samloðun blóðflaga (kökkyndun) og myndun fibríns (protein möskva). Storkumyndunin stöðvast þegar storkan hefur fyllt upp skemmdina og storkan nálgast eðlilegar óskemmdir æðapelfrumur, sem með samspili við blóðið kemur í veg fyrir áframhaldandi storkumyndun. Slíkr þættir eru t.d. samspil náttúrulegra blóðþynningarfefna (thrombomodulins og protein C og S kerfis, heparans og anti-thrombíns), blóðflöguhamlandi efni úr æðapeli (prostacyclin) og storkuleysandi efni úr æðapeli (t-PA). Órofið, heilbrigtrt æðapel leyfir ekki storkumyndun á yfirborði sínu.

byggir á skilningi á storkumyndun og æðasjúkdónum. Þannig er t.d. hægt að hugsa sér að lítið yrði um segasjúkdóma ef unnt væri að koma í veg fyrir æðaskemmdir. Dæmi um slíkt er fyrirbyggjandi meðferð gegn æðakölkun, t.d. blóðþrýstingslækkandi meðferð, lækku kólesteróls, stöðvun reyklinga, sykursýkismeðferð o.s.frv. M.ö.o. er reynt að koma í veg fyrir æðaskemmdir eða að minnsta kosti seinka þeim, því meðan æðaþel helst heilt verður að jafnaði ekki blóðsegamýndun. Sé hinsvegar komin fram æðaskemmd eða sjaldnar óeðlileg storkutilhneiging blóðs byggir meðferð ymist á lyfjum og/eða skurðaðgerðum, en hér verður eingöngu fjallað um lyfjameðferð. Læknum er vandi á höndum við val meðferðar á byrjunartígi æðapelskemmda, því erfitt reynist jafnvel þrautreyndum sérfræðingum að greina sjúkleikann á byrjunartígi vegna vöntunar á hentugum aðferðum eins og t.d. sérhæfðum storkuprófum, sem mæla aukna, óeðlilega storkumyndun í líkamanum. Miklar rannsóknir fara nú fram við leit að slíkum blóðprófum til greiningar aukinnar storkumyndunar í blóði sjúklinga, en enn eru þó mörg ljón á veginum. Þannig er ekki alltaf ljóst í byrjun hvenær grípa skal til meðferðar, sem hindrar storkumyndun og sömuleiðis eru ekki alltaf viðurkenndar reglur um val milli lyfja undir öllum kringumstæðum, þannig að það sem sagt er um beitingu lyfjanna hér að neðan eru almennar en ekki algildar reglur.

Séu miklar líkur á að komnar séu fram æðaskemmdir er unnt að beita lyfjum, sem draga úr virkni blóðflaga eða storkukerfis, til að reyna að hindra myndun blóðsEGA. Dæmi


um slíka lyfjagjöf eru flöguhamlandi lyf eins og acetýlsalicylsýra (aspirín, magnýl), sem hefur sýnt sig að fækka kransæðastíflutilfellum og draga úr dauðsföllum eftir kransæðastíflu. Önnur flöguhamlandi lyf eru t.d. dipyridamole, ticlopidin og mótefni gegn flöguvíðtækjum, en tvö hin síðarnefndu eru ný og ekki í almennri notkun enn. Ef virkjun storkuþáttu er talin vera mikil (t.d. við bláæðablóðsega, gerfihjartalokur, gáttatíf og stundum við kransæðasjúkdóm) er beitt blóðþynningsarlyfjum. Blóðþynningarlyf ýmist hindra virkni storkuþáttu (t.d. heparín, hírúdín) eða koma í veg fyrir myndun þeirra (dísksúmarol, warfarin). Árangur slíkrar meðferðar er margreyndur, en meðferðin er vandasöm vegna blæðingahættu, sem unnt er þó að minnka sé fylgst reglulega með storknunarhæfni blóðsins. Slík meðferð krefst mikils samstarfs storkurannsóknastofu, læknis og sjúklingsins sjálfs til að ná sem bestum árangri með sem minnstri blæðingahættu.

Á síðustu árum hefur segaleysandi meðferð mjög rutt sér rúms og hefur gildi hennar sannað sig með fækkuðum dauðsföllum og betri dælingu hjartans eftir kransæðastíflu, en án upplausnar blóðsegans verður varanleg skemmd í

hjartavöðvanum, sem getur stöðvað hjartslátt eða minnkað dælkraft vöðvans; valdið hjartabilun. Verulegur árangur við upplausn blóðsega sést einnig við blóðsega í slagæðum og bláæðum fóta og við segarek til lungna. Segaleysingar í mönnum byggja á gjöf lyfja (streptókínasa, úrókínasa, APSAC eða t-PA) sem virkja hið náttúrulega storkuleysandi kerfi, sem um er getið fyrr. Náttúrulega storkuleysikerfið brýtur niður fíbrín, sem nálgast eðlilegt æðajel eftir litla áverka. Það veldur því staðbundinni, seinvirkri upplausn, en við segasjúkdóma næst betri og skjótari árangur með gjöf miklu hærri skammta segaleysandi lyfja heldur en líkaminn getur framleitt. Þannig myndast óstaðbundin storkuleysandi virkni í blóðinu, og þessi virkni brýtur niður storku hvar sem hún fyrirfinnst í líkamanum. Afleiðingin er skjót upplausn blóðsega og bætt blóðflæði til líffæra, en blæðingahætta er allveruleg, þótt sem betur fer séu blæðingarnar sjaldan hættulegar.

*Höfundur er sérfræðingur í lyflækningum og blóðsjúkdóum og starfar á Rannsóknastofu í blóðmeinafræði á Landspítalanum og Læknastofunni Síðumúla 37.*


## PREK- OG ÆFINGATÆKI




Vandaður prekstigi frá KETTLER V-Pýskalandi með tölvumæli. Hentugt tæki til að æfa upp rþek, læri og rassvöva

Prekhjól, mikið úrval, ódýr prekhjól frá Taiwan og vönduð örugg hjól frá KETTLER V-Pýskalandi

Mikið úrval af allskonar prek- og æfingatækjum, handlóð, sippubönd, gormar og margt fleira.



Lærabani. Margvíslegar æfingar fyrir læri, fætur, brjóst, handleggi, bak og maga



SÍMAR: 35320  
688860  
ÁRMÚLA 40

GREIÐSLUKORTAPJÓNUSTA – SENDUM Í POSTKRÖFU – VARAHLUTIR OG VIÐGERÐIR VANDID VALÐ OG VERSLID Í MARKINU

**Verstunin MARKÍÐ**

*Gestur Þorgeirsson:*

# Um starfsemi neyðarbíls á Reykjavíkursvæðinu í 10 ár



*Gestur Þorgeirsson*

Eins og víðast á Vesturlöndum fór kransæðasjúkdómurinn að verða algengur á Íslandi upp úr miðri þessari öld. Jafnframt fjölgæði þeim tilfellum mikið sem leiddu til hjartastopps og skyndidauða utan spítala og oft var um að ræða fólk á besta aldrí. Í samfélagini varð sú krafa hávær að veitt yrði einhvers konar neyðarhjálp í þessum tilvikum. Staðið var fyrir söfnunum í þeim tilgangi að starfrækja „hjartabíl“ á Reykjavíkursvæðinu. Það var svo í október 1982 að rekstur eiginlegs neyðarbíls hófst og hefur þessi neyðarþjónusta því verið við lýði í 10 ár. Í áhöfn þessa neyðarbíls hafa verið tveir sérþjálfaðir sjúkraflutningsmenn og aðstoðarlæknir með eins til tveggja ára reynslu af lyflækninga- og slysadeildum Borgarspítalans. Um tíma var einnig hjúkrunarfraðingur af slysadeild Borgarspítalans í áhöfn bílsins. Neyðarbíllinn er mjög vel búinn tækjum og er nánast sem hreyfanleg gjörgeðsla. Bíllinn er að jafnaði staðsettur á slysadeild Borgarspítalans og þar er áhöfn bílsins ætíð í viðbragðsstöðu. Ef hringt er í löggreglu eða slökkvilið vegna einhvers neyðartilviks er bíllinn sendur af stað í skyndi, hvort sem um er að ræða slys eða sjúkdóma.

## ÚTKÖLL

Fyrstu árin starfaði neyðarbíllinn

einungis að deginum, ekki um nætur og ekki um helgar. Frá 1989 hefur fengist fjármagn til reksturs hans allan sólarhringinn alla daga ársins og hefur fjöldi útkalla þessi ár verið um 3500 á ári, eða allt að því þriðjungur af öllum sjúkraflutningum á Reykjavíkursvæðinu. Ástæður útkallanna hafa verið margbreytilegar en flest þeirra hafa verið vegna bráðra sjúkdóma, eða um 50-60%. Útköll vegna slysa hafa verið um 20-30% og ýmsar aðrar ástæður, svo sem eldsvoðar o.fl., 10-20%.

## HJARTASTOPP - BRÁÐ KRANSÆÐASTÍFLA

Hjartastopp hafa að jafnaði verið um 2% af heildarútköllum, eða um 60-70 á ári. Í flestum tilvikum hafa þau orsakast af bráðri kransæðastíflu en mest hættu er á lífshættulegum hjartsláttartruflunum á fyrstu klukkustundunum eftir að kransæð hefur stíflast. Slíkar hjartsláttartruflanir er unnt að meðhöndla og í mörgum tilvikum fyrirbyggja með því hjartastopp. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að einstaklingur sem fær hin dæmigerðu einkenni kransæðastíflunnar, þ.e. þyngsla- eða herpingsverk undir bringubeinið eða þvert yfir brjóstið sem stundum leiðir upp í háls eða út í handleggi og fylgt getur mæði, ógleði eða svitnun, komist sem fyrst undir

læknishendur. Mikið öryggi er af þjónustu neyðarbílsins í tilfellum sem þessum. Leiði hjartsláttartruflunin til hjarta- og öndunarstopps er endurlífgun með rafstuði það eina sem getur bjargað lífi sjúklingsins. Afar mikilvægt er að slík hjálp berist sem allra fyrst því hin ýmsu líffæri þola súrefnisskortinn illa, ekki síst heilinn og taugakerfið, og skipta sekúndur og mínútur þar máli.

## ÁRANGUR AF ENDURLÍFGUNUM UTAN SPÍTALA

Þrjár kannanir hafa verið gerðar til að meta árangur af endurlífgunum á Reykjavíkursvæðinu. Fyrsta rannsóknin var gerð á árunum 1976-1979 (1), þ.e. fyrir tilkomu neyðarbílsins, en þær tvær seinni eftir tilkomu hans, þ.e. á árunum 1982-1986 (2) og 1987-1990 (3). Það er sameiginlegt þessum rannsóknum að flestir sjúklinganna eru karlar (75-81%) og meðalaldur er svipadur (63-66 ár). Í þessum rannsóknum er aðallega um tvennis konar hjartsláttartruflanir að ræða. Annars vegar er það sleglatif (fibrillatio ventriculorum) sem veldur ósamhæfðum samdrætti í hjartanu og fjöldi sjúklinga með þá hjartsláttartruflun er svipadur í þessum rannsóknum, eða 41-53%. Hins vegar er um truflun að ræða sem veldur algeru samdráttarleysi en þá er ekki um



neina rafvirkni að ræða í hjartanu lengur (asystola) enda er árangur af endurlífgun þá mjög lélegur og aðeins örfáir sjúklingar með þá hjartsláttartruflun ná að útskrifast.

Eins og sést af töflunni útskrifuðust heim til sín af spítalanum 9% sjúklinganna í fyrstu rannsókninni en hlutfallslega allt að helmingi fleiri, þ.e. 17% og 16%, í seinni rannsóknunum. Þegar um sleglatif var að ræða var árangur af endurlífgun í fyrstu rannsókninni sá að 20% sjúklinganna útskrifuðust en í seinni rannsóknunum tveimur 29% annars vegar og 31% hins vegar í síðustu rannsókninni. Þessi árangur verður að teljast mjög góður og er raunar með því besta sem þekkist og greint hefur verið frá (4).

Hverjar eru helstu ástæður þess að

árangurinn er mun betri í seinni rannsóknunum tveimur en þeirri fyrstu? Meginástæða þess er vafalítið sú að áhöfn neyðarbílsins getur beitt sérhæfðri endurlífgun með rafstuði, barkaþræðingu og lyfjum að meðaltali 7 mínútum fyrr en mögulegt var fyrir tilkomu bílsins en þá biðu slískar sértaekar aðgerðir þess að komið væri með sjúkling á slysadeild Borgarspítans.

Rannsóknirnar hafa einnig staðfest mikilvægi þess að nærstödd vitni að hjartastoppi hefji strax grunnendurlífgun með því að blása lofti ofan í lungu sjúklingsins og hefji hjartahnoð. Í flestum tilvikum hafa þeir sjúklingar sem lifað hafa af hjartastopp náð sér vel, margir jafnvel komist til vinnu og í síðustu tveimur rannsóknunum voru

aðeins þrír sjúklingar sem útskrifuðust taldir hafa skaddast varanlega.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

1. Meginástæður bætrar lifunar eftir hjartastopp með tilkomu neyðarbílsins felast í því að unnt er að beita sérhæfðri endurlífgun ásamt rafstuði að meðaltali 7 mínútum fyrr en áður var. Árangur af endurlífgunum utan spítala á Reykjavíkursvæðinu er með því besta sem þekkist og mörgum mannlífum hefur verið bjargað.
2. Mjög er mikilvægt að nærstödd vitni að hjartastoppi hefji grunnendurlífgun með hjartahnoði og öndunaraðstoð þangað til neyðarbíll kemur á staðinn en með því aukast líkur á því að sjúklingurinn nái sér til muna. Þess vegna er nauðsynlegt að allur almenningur kunni grunnendurlífgun og ekki síst ættu aðstand-endur hjartasjúklinga að kunna þá neyðarhjálp.

3. Í um 40% útkalla neyðarbíls er um bráðveika eða alvarlega slasaða sjúklinga að ræða og hefur neyðarþjónustan dregið verulega úr töf á markvissri greiningu og meðferð þeirra.

## HEIMILDIR


1. H Guðjónsson, E Baldvinsson, G Oddsson, E Ásgeirsson, H Kristjánsson, P Harðarson. Results of attempted Cardiopulmonary Resuscitation of patients dying suddenly outside the hospital in Reykjavik and the surrounding area 1976-1979. *Acta Med Scand* 1982; 212: 247-51.
2. O Einarsson, F Jakobsson, G Sigurðsson. Advanced cardiac life support in the prehospital setting: the Reykjavík experience. *J Intern Med* 1989; 225: 129-35.
3. G Thorgeirsson. Akutambulansen i Reykjavík. *Nord Med* 1993; 108: 88-9.
4. MS Eisenberg, BT Horwood, RO Cummins, R Reynolds-Haertle, TR Hearne. Cardiac arrest and resuscitation: A tale of 29 cities. *Ann Emerg Med* 1990; 19: 179-86.

	<b>1976-1979</b>	<b>1982-1986</b>	<b>1987-1990</b>
Endurlífgunartilraunir	222	138	195
Meðalaldur (ár)	63	65	66
Hlutfall karla (%)	75	81	76
Tími að sérhæfðri endurlífgun (mín.)	12	5	4.6
Fjöldi með sleglatif	90	73	81
- þar af útskrifaðir	18 (20%)	21 (29%)	25 (31%)
Útskrifaðir alls	21 (9%)	24 (17%)	31 (16%)

# Ársskýrsla Rannsóknastöðvar Hjartaverndar

Starfsárið 1/1 - 31/12 1992

Dr. med. Nikulás Sigfússon, yfirlæknir  
tók saman þessa skýrslu.



Dr. med Nikulás Sigfússon

## YFIRLIT

Þetta er tuttugasta og fimmsta starfsár stöðvarinnar. Fimmta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar lauk á starfsárinu 1991 og hófst þá sjötti og síðasti áfangi þessarar rannsóknar. Eins og lýst hefur verið í síðustu ársskýrslu var ákveðið að þessi áfangi yrði öldrunarrannsókn og tæki til þeirra þátttakenda á hóprannsókninni sem væru orðnir 70 ára eða eldri.

Þessi öldrunarrannsókn hófst í maí 1991 og var rannsókn karlahóps langt komin á árinu.

Fólk, sem ekki er í hóprannsókninni, hefur eins og áður leitað til stöðvarinnar ýmist samkvæmt tilvísun lækna eða að eigin frumkvæði. Fjöldi þessara gesta var nokkru meiri en undanfarin ár.

MONICA-rannsóknin hefur haldið áfram samkvæmt áætlun. Lokið er skráningu kransæðastíflutilfella árin 1981-1988. Skráningu áranna 1989 og 1990 er um það bil að ljúka og skráning fyrir 1991 er langt komin. Gagnavinnsla heldur stöðugt áfram og hafa ýmsar niðurstöður verið kynntar innanlands og utan.

Starfslið hefur verið óbreytt að öðru leyti en því að Lilja S. Jónsdóttir, leknir, var ráðin til stöðvarinnar í ágúst vegna sérstaks rannsóknarverkefnis, þ.e. skráningu kransæðastíflutilfella í kvennahópi sem ekki leiddu til dauða. Gunnlaugur B. Ólafsson, líffræðingur, var ráðinn í desember til vinnu að mælingu á fitusýrum í frystum sýnum frá 5. áfanga karla-rannsóknar.

Ekki urðu breytingar á tækjabúnaði stöðvarinnar á þessu starfsári. Á sl. starfsári var fengin til stöðvarinnar nettölva af gerðinni CAS-386-33 sem reynst hefur vel eftir að komist var fyrir nokkra byrjunarörðugleika. Jón Ingi Jósafatsson, verkfræðingur, hefur haft umsjón með tölvukerfi stöðvarinnar. Á starfsárinu hefur hann unnið að innsláttarforriti vegna öldrunarrannsóknar.

Tölvuvinnsla á gögnum og tölfraðileg úrvinnsla hefur verið í höndum Helga Sigvaldasonar, lic. tech.

Rannsóknarstjórn hefur starfað með líkum hætti og áður. Stjórnin hefur á árinu unnið að undirbúningi næstu hóprannsóknar Hjartaverndar og haft umsjón með úrvinnslu gagna. Niðurstöður hafa verið kynntar á mörgum læknapíngum innanlands og utan og í greinum sem birst hafa í læknatímaritum.

## RANNSÓKNIR

### I. Öldrunarrannsókn.

Arið 1990 hófst undirbúningur að 6. og síðasta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar. Ákveðið var, að þessi áfangi yrði notaður til sérstakrar athugunar á öldruðu fólk og boðið skyldi til þessarar rannsóknar þátttakendum úr B- og F-hópum sem náð hafa 70 ára aldri. Undirbúningur að þessari rannsókn var að mestu í höndum öldrunarsérfræðinganna Björns Einarssonar og Pálma V. Jónssonar en auk þess var leitað ráða hjá ýmsum öðrum sérfræðingum.

Rannsóknin skiptist í two hluta þ.e. hina hefðbundnu rannsókn Hjartaverndar en þar að auki er ítarleg könnun með spurningalista og ýmsum sérhæfðum rannsóknum sem beinast að sjúkdómum og félagslegum aðstæðum sem einkum snerta eldra fólk.

Þessi rannsókn hófst í byrjun maí 1991 með forkönnun, sem að mestu var lokið í september. Þátttakendur eru allir boðaðir símleiðis. Í byrjun ársins höfðu verið rannsakaðir 156 karlar úr þessum hóp og á árinu voru skoðaðir 472 til viðbótar. Gert er ráð fyrir að ljúka karlahóp vorið 1993 og hefja þá rannsókn kvennahóps.

### II. MONICA-rannsókn.

Þessari rannsókn, sem er fjölpjóðarannsókn undir yfirum-



sjón Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, hefur áður verið lýst í árskýrslum. Rannsóknin er í aðalatriðum þríþætt: könnun á-hættuþáttu, skráning kransæðastíflutilfella og skráning meðferðar við kransæðastíflu.

Skráningu kransæðastíflutilfella var haldið áfram á árinu. Þessi skráning hófst með árinu 1981 og er nú lokið fyrir árin 1981-1988. Skráningargögn fyrir þessi ár hafa verið send til vinnslu í „MONICA DATA CENTRE“ í Helsinki. Skráning fyrir árin 1989, 1990 og 1991 er langt komin og er gert ráð fyrir að henni ljúki fyrir þessi ár snemma á næsta ári. Niðurstöður íslenzku skráningarinnar hafa verið kynntar í tímaritsgreinum og á læknaþingum.

Gert er ráð fyrir þremi áhættuþáttakönnunum á fimm ára fresti. Var sú fyrsta 1983, önnur 1988-’89 og sú þriðja verður framkvæmd 1993. Niðurstöður fyrstu tveggja kannananna hafa verið sendar til vinnslu í Helsinki, auk þess sem unnið er að úrvinnslu hér. Skráning meðferðar á kransæðastíflu fer fram tvívegis, í upphafi rannsóknarinnar og við lok hennar. Upphafsskráningin nær til um 500 tilfella. Fyrstu niðurstöður þeirrar athugunar hafa verið kynntar á þingi norrænu MONICA-stöðvanna í Haparanda í Svíþjóð í júní 1991. Unnið er nú að sérstakri athugun á mismunandi meðferð við kransæðastíflu og afdrifum sjúklinga með tilliti til þessa allt til ársloka 1990. Hefur Ulli Agnarsson, læknir, umsjón með þessum þætti úrvinnslunnar og hafa niðurstöður verið kynntar á læknaþingum.

### **III. Rannsóknir fólks utan kerfisbundinna skoðana.**

Eins og áður hefur verið rannsakað fólk utan hinna kerfis-

bundnu skoðana, sem ýmist er vísað á stöðina af læknum eða leitar þangað sjálft.

Alls voru rannsakaðir 2.459 einstaklingar í þessum flokki sem er nokkru fleiri en árið 1991 (2.269).

### **IV. Aðrar rannsóknir.**

#### **1. Rannsókn á hægra greinrofi.**

Í fyrstu fimm áföngum Hóprannsóknar Hjartaverndar reyndust 126 karlar og 69 konur hafa sk. hægra greinrof á hjartalínuriti. Hingað til hefur verið óljóst hver þýðing þessa afbrigðis er og var því ákvæðið að athuga þetta atriði nánar. Var öllum þáttakendum í Hóprannsókn Hjartaverndar sem höfðu greinst með hægra greinrof og á lífi voru boðið til rannsóknar áRannsóknarstöð Hjartaverndar og sónarrannsóknar á hjarta á hjartadeild Landspítala.

Inga S. Práinsdóttir, læknanemi, hefur annast þessa rannsókn. Fyrstu niðurstöður þessara rannsókna hafa þegar verið kynntar á nokkrum læknaþingum.

#### **2. Skráning á kransæðastíflutilfellum er ekki leiddu til dauða.**

Til þess að geta betur metið vægi hinna ýmsu áhættuþáttu kransæðasjúkdóms er nauðsynlegt að hafa sem stærstan hóp manna er fengið hafa sjúkdóminn, hvort sem hann hefur leitt til dauða eða ekki. Því hefur verið unnið að skrásetningu allra tilfella af kransæðastíflu í Hóprannsókn Hjartaverndar. Að þessu hafa einkum unnið læknarnir Ulli Agnarsson og Emil Sigurðsson. Að hluta til hefur hér verið hægt að nýta MONICA-skráninguna en hún nær yfir tímabilið 1981-1988. Þessari skráningu er nú lokið fyrir karlahóp miðað við áramót 1987-’88 og fyrstu niðurstöður hafa verið kynntar.

Á árinu var Lilja S. Jónsdóttir, læknir, ráðin til þess að vinna að samsvarandi skráningu fyrir kvennahóp. Í árslok var þetta verk vel á veg komið.

#### **3. Mæling á fitusýrum.**

Eins og kunnugt er hafa fryst sermi-sýni verið geymd frá þáttakendum allt frá upphafi Hóprannsóknarinnar 1967. Rannsóknastjórn ákvað að fengnu leyfi Framkvæmdastjórnar að nýta hluta þessar sýna (úr Hóp D, karlar) til vissra mælinga þ.e. til ákvörðunar á lipoproteinum Apo A, Apo B og Apo(a) og meta vægi þessara lipoproteina sem áhættuþáttu. Þessum mælingum er nú lokið og hafa niðurstöður verið birtar. Einnig hefur verið ákvæðið að framkvæma mælingar á fitusýrum fosfolipíða í þessum sýnum. Til þessa

**TAFLA I.**  
**Fjöldi einstaklinga, sem rannsakaðir voru á starfsárinu 1992 eftir mánuðum:**

Mánuðir	Öldrunar rannsókn	Utan hóp skoðana		Einstakl. í einst. prófum	Áreynslu- próf
		ka.	ko.		
Janúar 1992	43	143	106	6	23
Febrúar "	36	122	88	19	
Marz "	52	176	93	3	28
Apríl "	38	109	94	3	22
Maí "	42	132	92	2	37
Júní "	45	139	85		39
Júlí "	14	42	37	1	21
Ágúst "	25	71	52	2	9
September "	47	144	118	10	26
Október "	47	159	105	1	36
Nóvember "	49	141	93	6	29
Desember "	34	83	35	1	20
Alls	472	1461	998	35	309
		Karlar	Konur	Alls	
Einstaklingar rannsakaðir á árinu:		1933	998	2931	

verkefnis var sótt um styrk úr Vísindasjóði sem veitti kr. 640.000 til verkefnisins. Þessi rannsókn er unnin í samvinnu við Rannsóknarstofu Háskólangs í lyfjafræði og Rannsóknarstofu Háskólangs í lífeðlisfræði. Ásdís Baldursdóttir, líffræðingur, hefur unnið að þessu verkefni ásamt Gunnlaugi B. Ólafssyni, líffræðingi, sem var ráðinn í desember til eins árs. Er gert ráð fyrir að ljúka megi mælingu á fitusýrum í lok ársins 1993.

#### 4. Beinþéttimælingar.

Á þessu ári voru framkvæmdar beinþéttimælingar á 400 íslenskum konum á Rannsóknarstöð Hjartaverndar. Stefán Thorarensen hf lánaði tæki - Osteometer - til mælinganna en umsjón með þeim hafði Dr. Gunnar Sigurðsson.

Katrín R. Siguðardóttir, læknanemi, og Sigríður Ragnarsdóttir sáu um mælingarnar sem hófust 9. júní og lauk 20. ágúst.

Þessi rannsókn var gerð fyrst og fremst til þess að finna viðmiðunargildi fyrir íslenskar konur.

#### 5. Rannsókn aldraðra á langlegudeildum.

Læknarnir Eyvindur Kjelsvik og Ársæll Jónsson, Lyflæknisdeild Borgarspítalans, rannsökuðu tíðni ýmissa sjúkdóma, hreyfigetu, blóðfitur og holdafar o.fl. meðal sjúklings á langlegudeildum Borgarspítala, Hvítabands, Seljahliðar, Droplaugarstaða og Heilsuverndarstöðvar alls 210 manns.

Rannsóknarstöð Hjartaverndar framkvæmdi blóðfitu- og aðrar blóðrannsóknir. Nokkrar niðurstöður þessara rannsókna hafa verið kynntar á V. þingi íslenskra lyflækna.

#### SKYRSLA RANNSÓKNA-STJÓRNAR

Rannsóknastjórn var skipuð af Framkvæmdastjórn 9/11 1988. Í henni eiga sæti 5 menn: Guðmundur Þorgeirsson, Ulli Agnarsson, Gunnar Sigurðsson, Davíð Davíðsson og Nikulás Sigfússon. Formaður stjórnarinnar er Guðmundur Þorgeirsson.

Rannsóknastjórn kom saman til funda 8 sinnum á árinu 1992. Helztu verkefni stjórnarinnar hafa verið þessi:

#### 1. Áhrif áhættuþátta á dánartíðni hjarta- og æðasjúkdóma.

Unnið hefur verið að því að meta vægi ýmissa áhættuþátta m.t.t. dánarorsaka. Nákvæmri skráningu dánarorsaka er nú lokið fyrir þátttakendur í Hóprannsókn Hjartaverndar til 1. 12. 1985 fyrir konur og til 1. 12. 1987 fyrir karla.

Á árinu 1990 átti formaður Hjartaverndar Magnús K. Pétursson, og Nikulás Sigfússon, yfirlæknir, viðræður við Hallgrím Snorrason, Hagstofustjóra. Gengið var frá samkomulagi við Hagstofuna þess efnis að hún léti Rannsóknarstöð Hjartaverndar í té afrit af dánarorsökum (án persónuupplýsinga annarra en kennitalna) að fengnu leyfi Tölvunefndar. Liggja nú fyrir dánarvottorð til maí 1990 og er unnið að skráningu þeirra á þar til gerð eyðublöð.

Nákvæmar upplýsingar um dánarorsakir eru undirstöðu-

atriði við mat ávægi hinna ýmsu áhættuþáttu hjarta- og æðasjúkdóma. Af þessum sökum eru skráðar allar dánarorsakir, niðurstöður krufninga o.fl. og greiningarlýklar skv. alþjóða-dánarmeinaskrá eru samræmdir en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessari skrá á rannsóknartímabilinu. Guðmundur Þorgeirsson, læknir, hefur haft umsjón með þessu verki.

Á árinu voru birtar allmargar greinar um áhrif áhættuþáttu og erindi flutt á læknaþingum. (Sjá skrá um ritsmíðar og erindi)

## 2. Rannsókn á ungu fólk - afkomendarannsókn.

Rannsóknastjórn hefur á starfsárinu hugað að næstu verkefnum á sviði hóprannsókna þar sem nú sér fyrir endann á síðasta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar á Reykjavíkursvæðinu sem staðið hefur síðan 1967.

Til athugunar hefur verið möguleiki á rannsókn á ungu fólkí þ.e. á aldrinum 15-25 ára. Rannsóknastjórn telur, að það myndi auka mjög gildi slískrar rannsóknar að tengja hana fyrri rannsóknum Rannsóknarstöðvarinnar með því að rannsaka afkomendur þátttakenda í Hóprannsókn Hjartaverndar. Myndi það gefa möguleika á athugun erfðafræðilegra þáttu í sambandi við hjarta- og æðasjúkdóma.

Rannsóknarstöð Hjartaverndar sótti um leyfi Tölvunefndar til samkeyrslu á skrá Erfðafræðinefndar og skrár yfir þátttakendur í Hóprannsókn Hjartaverndar með það fyrir augum að finna afkomendur fólks í hóprannsókninni sem fengið hefur kransæðastíflu og til samanburðar afkomendur fólks sem ekki hefur fengið kransæðastíflu.

Ennfremur var sótt um leyfi fyrir sjálfsri rannsókninni og veitti Tölvunefnd leyfi fyrir hvortveggja.

Stefnt er að því að þessi rannsókn geti hafist árið 1994.

## 3. Úrvinnsla gagna.

Rannsóknastjórn hafði umsjón með úrvinnslu gagna. Á árinu komu út áprenti 22 rit, greinar eða útdráttir sem fjölluðu um vísindalegar niðurstöður rannsókna Hjartaverndar. Sérfræðingar og ráðgjafar Hjartaverndar fluttu 25 fyrirlestra á læknaþingum.

Sjá ennfremur skrár yfir greinar og erindi hér á eftir.

## SKÝRSLUR, RIT, GREINAR OG ERINDI LÆKNA OG RÁÐGJAFAR RANNSÓKNAR- STÖÐVAR HJARTAVERNDAR

Starfsárið 1992

### Skýrslur, rit og greinar

1. Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar starfsárið 1/1-31/12 1991. Rannsóknarstöð Hjartaverndar, Reykjavík, 1991.
2. Guðmundur Þorgeirsson, Davíð Davíðsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás

Sigfusson: Áhættuþættir kransæðasjúkdóms meðal karla og kvenna á Íslandi. Niðurstöður úr hóprannsókn Hjartaverndar 1967-1985. Læknablaðið 78: 267-76, 1992

3. U.T. Agnarsson, T. Hardarson, J. Hallgrímsson & N. Sigfusson: The prevalence of hypertropic cardiomyopathy in men: an echocardiographic population screening study with a review of death records. J. Int. Med. 232: 499-506, 1992
4. Gunnar Sigurdsson, Asdis Baldursdóttir, Helgi Sigvaldason, Uggí Agnarsson, Guðmundur Thorgeirsson, Nikulas Sigfusson: Predictive Value of Apolipoproteins in a Prospective Survey of Coronary Artery Disease in Men. Am. J. Cardiol. 69: 1251-1254, 1992
5. T. Jónsson, J. Thorsteinsson, A. Kolbeinsson, E. Jónasdóttir, N. Sigfusson, H. Valdimarsson: Population study of the importance of rheumatoid factor isotypes in adults. Annals Rheum. Dis. 51: 863-869, 1992
6. Garðar Sigurðsson, Ásdís Baldursdóttir, Vilmundur Guðnason, Gunnar Sigurðsson: Þéttni fituprótfína í Íslendingum. Læknablaðið 78: 172-9, 1992
7. R. Danielsen, H. Sigvaldason, N. Sigfusson: Aortic calcification: an atherosclerotic manifestation more predominant in women? The Reykjavík Study. (Abstract) Eur. Heart J. 13: Abstrack Supplement, 181, 1992
8. Helgi Garðar Garðarsson, Pórður Harðarson, Óttar Guðmundsson, Tómas Helgason, Nikulás Sigfusson: Áfengisneysla kvenna og liffrapróf. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 21, 64, 1992
9. Garðar Sigurðsson, Ásdís Baldursdóttir, Vilmundur Guðnason, Gunnar Sigurðsson: Þéttni fitupróteina í Íslendingum. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 21, 51, 1992
10. Ragnar Danielsen, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Er ósaða-kökun merki um æðahrörnumarsjúkdóm sem er algengari hjá konum en körlum? (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 21, 44, 1992
11. Uggí Agnarsson, Nikulás Sigfusson, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Helgi Sigvaldason: Bráð kransæðastífla á Íslandi 1982-'83. Horfur. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 21, 32, 1992
12. Eyvindur Kjelsvik, Nikulás Sigfusson, Ársæll Jónsson: Tíðni nokkura sjúkdóma og hreyfiskerðingar meðal aldraðra og tengsl þeirra við holdafar. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 21, 21, 1992
13. Eyvindur Kjelsvik, Nikulás Sigfusson, Ársæll Jónsson: Holdafar og blóðfitur meðal aldraðra á langlegustofnunum. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 21, 28, 1992
14. Gunnar Sigurdsson, Asdis Baldursdóttir, Helgi Sigvaldason, Uggí Agnarsson, Guðmundur Thorgeirsson, Nikulas Sigfusson: The predictive value of apolipoproteins in a prospective survey for coronary heart disease in men (abstract) Scand. J. Clin. Lab. Invest. 52: Suppl. 211, 93, 1992
15. Ragnarsson E, Eliasson S.P., Ólafsson S.H.: Tobacco smoking, a factor in tooth loss in Reykjavík, Iceland. J. Scand. Den. Res. 6: 1992
16. Emil L. Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Langtíma horfur kransæðasjúkdóms meðal íslenskra karlmannna 1968-1986. Hjartaverndarrannsóknin. (Útdráttur) 1. Vísindaðing Félags íslenskra heimilislækna 30. október - 1. nóvember 1992, Húsavík Dagskrá og útdráttir, bls. 18.
17. Emil L. Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Algengi mismunandi forma kransæðasjúkdóms meðal íslenskra karlmannna 1968-1986. Hjartaverndarrannsóknin. (Útdráttur) 1. Vísindaðing Félags íslenskra heimilislækna 30. október - 1. nóvember 1992, Húsavík Dagskrá og útdráttir, bls. 43.
18. Gunnar Sigurðsson, Ásdís Baldursdóttir, Helgi Sigvaldason, Uggí Agnarsson, Guðmundur Þorgeirsson, Nikulás Sigfusson: Predictive value of apolipoproteins in a prospective survey of coronary artery disease in men. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 22, 1992
19. Guðmundur Þorgeirsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Far-

- aldsfræðileg athugun á hjartabilun á Íslandi. Hjartaverndarrannsóknin. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 22, 56, 1992
20. Björn Einarsson, Nikulás Sigfússon: Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 22, 57, 1992
  21. Inga S. Þráinsdóttir, Pórður Harðarson, Guðmundur Þorgeirsson, Erla G. Sveinsdóttir, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfússon: Tengsl hægra greinrofs við sjúkdóma í hjarta og blóðrás. (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 22, 78, 1992
  22. Lilja S. Jónsdóttir, Reynir Arngrímsson, Reynir T. Geirsson, Nikulás Sigfússon: Fylgir háþrýstingi í meðgöngu aukin hætta á hjarta- og æðasjúkdóum síðar á ævinni? (Útdráttur) Læknablaðið 78: Fylgirit 22, 93, 1992

## Erindi:

1. Nikulás Sigfússon: Faraldsfræði háþrýstings. Erindi flutt á samráðsfundi um háþrýstingsmeðferð á vegum Landlæknisembættisins og prófessora í heimilislækningum og lyflækningum, Reykjavík, 14. 2. 1992
2. Guðmundur Þorgeirsson: Meðferð háþrýstings með þvagrasilyfum. Erindi flutt á samráðsfundi um háþrýstingsmeðferð á vegum Landlæknisembættisins og prófessora í heimilislækningum og lyflækningum, Reykjavík, 14. 2. 1992
3. R. Danielsson, H. Sigvaldason, N. Sigfússon: Aortic calcification: An atherosclerotic manifestation more predominant in women? The Reykjavík Study. Poster á XIV. European Cardiol. Congress, Barcelona, 30. 8. - 3. 9. 1992
4. Guðmundur Þorgeirsson: Heart Failure in Iceland. Epidemiology and Treatment. Erindi flutt á Ráðstefnu Bristol-Myers Squibb-Island 29. feb. og 1. mars 1992, Hótel Sögu, Reykjavík
5. Gunnar Sigurðsson: Blood lipids and coronary heart disease. Icelandic perspective. Erindi flutt á Ráðstefnu Bristol-Myers Squibb-Island 29. feb. og 1. mars 1992. Hótel Sögu, Reykjavík
6. Páll Torfi Önundarson: Cronic atrial fibrillation - epidemiologic features and 14 years follow-up: A case control study. Erindi flutt á Ráðstefnu Bristol-Myers Squibb-Island 29. feb. og 1. mars 1992. Hótel Sögu, Reykjavík
7. Nikulás Sigfússon: The decline in cardiovascular disease in Iceland. Erindi flutt við Harvard Medical School, Dept. of Preventive Cardiology, 17. sept. 1992
8. Gunnar Sigurðsson, Ásdís Baldursdóttir, Helgi Sigvaldason, Uggí Agnarsson, Guðmundur Þorgeirsson, Nikulás Sigfússon: The predictive value of apolipoproteins in a prospective survey for coronary heart disease in men. Erindi flutt á XXIII. Nordic Congress in Clinical Chemistry 11-14 August, 1992, Reykjavík
9. Nikulás Sigfússon: Cardiovascular Risk Factor Screening. Erindi flutt á WHO/Euro Consultation on CINDI Policy Development, Reykjavík 8.-9. apríl 1992
10. Einar Ragnarsson, Sigfús P. Elíasson, Sigurjón H. Ólafsson: Kynntar niðurstöður úr MONICA rannsókninni. Ástand tanna og tannholds með tilliti til reykinga. Erindi flutt á aðalfundi Íslandsdeildar I.A.D.R. 1. feb. 1992, Reykjavík
11. G. de Backer on behalf of S. de Henau and all MONICA Project Principal Investigators: Interrelationship between arterial blood pressure and serum lipids across populations. Erindi flutt á XIV. European Congress of Cardiology, Barcelona 30. 8. - 3. 9. 1992
12. Guðmundur Þorgeirsson: Meingerð kransæðasjúkdóms og faraldsfræði á Íslandi. Erindi flutt á Ráðstefnu Félags hjartalækna og Astra Ísland 5. desember 1992, Reykjavík
13. Gunnar Sigurðsson, Ásdís Baldursdóttir, Helgi Sigvaldason, Uggí Agnarsson, Guðmundur Þorgeirsson, Nikulás Sigfússon: Predictive value of apolipoproteins in a prospective survey of coronary heart disease in

men. Erindi flutt á VI. ráðstefnu um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands, Odda 6.-8. des. 1992

14. Guðmundur Þorgeirsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfússon: Faraldsfræðileg athugun á hjartabilun á Íslandi. Hjartaverndarrannsóknin. Erindi flutt á VI. ráðstefnu um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands, Odda 6.-8. des. 1992

## STARFSFÓLK Á RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR Í REYKJAVÍK.

### Vinnutími:

Ásdís Baldursdóttir, líffræðingur	1/1	daginn
Björk Snorradóttir, meinatæknir	1/2	"
Björn Einarsson, læknir	1/2	"
Edda Emilsdóttir, meinatæknir	1/2	"
Edda Imsland, móttaka	1/2	"
Elínborg Sveinbjarnardóttir, ritari	1/1	"
Guðrún S. Jóhannsdóttir, hjúkrunarfr.	1/2	"
Guðrún Þórarinsdóttir, ritari	1/2	"
Gunnlaugur B. Ólafsson, líffræðingur	1/1	"
Helga Helgadóttir, meinatæknir	1/1	"
Inga I. Guðmundsdóttir,		
„MONICA“-rannsókn	1/2	"
Ingibjörg Stefánsdóttir,		
„MONICA“-rannsókn	1/1	"
Lilja S. Jónsdóttir, læknir	1/1	"
Linda Wendel, meinatæknir	1/2	"
Margrét Björgvinsdóttir, móttaka	1/2	"
María Másdóttir, rannsóknarst.	1/2	"
Dr. Nikulás Sigfússon, yfirlæknir	1/1	"
Sigríður Ragnarsdóttir, rannsóknarst.	1/2	"
Stefanía Kemp, ritari	1/2	"
Svandís Jónsdóttir, hjúkrunarforstjóri	1/2	"
Uggí Agnarsson, læknir	1/2	"
Valborg Jónsdóttir, ritari	1/2	"
Þorsteinn Þorsteinsson, lífeftnafræðingur	1/2	"

### Ráðgjafar:

- Magnús Karl Pétursson, yfirlæknir  
 Dr. Sigurður Samúelsson, prófessor emeritus  
 Davíð Davíðsson, prófessor, yfirlæknir  
 Snorri P. Snorrason, prófessor, yfirlæknir  
 Pórður Sverrisson, yfirlæknir  
 Helgi Sigvaldason, verkfræðingur  
 Porkell Bjarnason, yfirlæknir  
 Dr. Guðmundur Þorgeirsson, yfirlæknir

15. Björn Einarsson, Nikulás Sigfusson o.fl. Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Erindi flutt á VI. ráðstefnu um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands, Odda 6.-8. des. 1992
16. Inga S. Þráinsdóttir, Þórður Harðarson, Guðmundur Þorgeirsson, Erla G. Sveinsdóttir, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Tengsl hægra greinrofs við sjúkdóma í hjarta og blöðrás. Poster á VI. ráðstefnu um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands, Odda 6.-8. des. 1992
17. Lilja S. Jónsdóttir, Reynir Arngrímsson, Reynir T. Geirsson, Nikulás Sigfusson: Fylgir háþrystingi í meðgöngu aukin hætta á hjarta- og æðasjúkdónum síðar á ævinni? Erindi flutt á VI. ráðstefnu um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands, Odda 6.-8. des., 1992
18. Helgi Garðar Garðarsson, Þórður Harðarson, Óttar Guðmundsson, Tómas Helgason, Nikulás Sigfusson: Áfengisneysla kvenna og lifrapróf. Erindi flutt á X. þingi Félags íslenskra lyflækna, Egilsstöðum 12.-14. júní 1992
19. Garðar Sigurðsson, Ásdís Baldursdóttir, Vilmundur Guðnason, Gunnar Sigurðsson: Þéttni fituprótína í Íslendingum. Erindi flutt á X. þingi Félags íslenskra lyflækna, Egilsstöðum, 12.-14. júní 1992
20. Ragnar Danielsen, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Er ósæðarkölkun merki um æðahrörnumarsjúkdóm sem er algengari hjá konum en körlum? Erindi flutt á X. þingi Félags íslenskra lyflækna, Egilsstöðum, 12.-14. júní 1992
21. Ulli Agnarsson, Nikulás Sigfusson, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Helgi Sigvaldason: Bráð kransæðastífla á Íslandi 1982-'83. Horfur. Erindi flutt á X. þingi Félags íslenskra lyflækna, Egilsstöðum, 12.-14. júní 1992
22. Eyvindur Kjelsvik, Nikulás Sigfusson, Ársæll Jónsson: Tíðni nokkurra sjúkdóma og hreyfiskerðingar meðal aldraðra og tengsl þeirra við holdafar. Erindi flutt á X. þingi Félags íslenskra lyflækna, Egilsstöðum, 12.-14. júní 1992
23. Eyvindur Kjelsvik, Nikulás Sigfusson, Ársæll Jónsson: Holdafar og blóðfitar meðal aldraðra á langlegudeildum. Erindi flutt á X. þingi Félags íslenskra lyflækna, Egilsstöðum, 12.-14. júní, 1992
24. Emil L. Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Langtíma horfur kransæðasjúkdóms meðal íslenskra karlmannna 1968-1986. Hjartaverndarrannsóknin. Erindi flutt á 1. Vísindapindi Félags íslenskra heimilislækna, 30. október - 1. nóvember, 1992, Húsavík
25. Emil L. Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfusson: Algengi mismunandi forma kransæðasjúkdóms meðal íslenskra karlmannna 1968-1986. Hjartaverndarrannsóknin. Erindi flutt á 1. Vísindapindi Félags íslenskra heimilislækna, 30. október - 1. nóvember, 1992, Húsavík



**Laufey Steingrímsdóttir:**

## LJÚFFENGТ OG HOLLТ



**Laufey Steingrímsdóttir**

Hjartavernd, Krabbameinsfélagið og Manneldisráð Íslands hafa stofnað til óvenjulegrar en jafnframt ánægju-legrar samvinnu sem er gerð matreiðslubókar með hollum og lúffengum réttum. Bókaforlagið Vaka-Helgafell mun annast útgáfuna en bókinni er ekki síst ætlað það hlutverk að kveða niður þann útbreidda misskilning að ljúffengur matur og hollur matur sé þvílíkar andstæður að nánast þurfi að stunda meinlætalifnað til að neyta hollarar fæðu.

Flestir telja sig vita sitt af hverju um hollustumálin - vandinn sé fyrst og fremst að fylgja kenningunum. Ef til vill er þetta algenga viðhorf að nokkru leyti afleiðing þess hve lítið hefur verið gert af því að koma greinargóðum leiðbeiningum á framfæri og kynna matreiðslu á hollum mat. Það tjóar lítið að tönnlast á sama hollustuboðskapnum um minni fitu og meira grænmeti ef aldrei er nefnt einu orði hvernig slíkt fæði er útbúið, hvað þá sýnt og sannað að hollur matur getur verið allt í senn: ljúffengur, einfaldur í matreiðslu og tiltölulega ódýr.

Allar uppskriftir bókarinnar uppfylla ákeðin skilyrði í sambandi við hollustu og þar eru opinber Manneldismarkmið höfð að leiðarljósi. Í samræmi við markmiðin er sérstök áhersla lögð á að takmarka fitu við matargerð-

ina - án þess þó að úr verði einhvers konar fitusnautt sjúkrafæði. Hráefnisval réttanna er í samræmi við íslenskar aðstæður og innlent hráefni í fyrirrúmi þótt leitað hafi verið fanga í matargerðarlist margra þjóða við val á uppskriftum.

Í bókinni, sem er væntanleg á markaðinn í haust, er að finna um eitt hundrað uppskriftir sem allar eru prófaðar af innlendu matreiðslufólk. Litmyndir af öllum réttunum prýda bókina og með hverri uppskrift fylgja upplýsingar um hitaeiningar og fitu. Til að halda verði bókarinnar í skefjum hafa bæði Hjartavarn og Krabbameinsfélagið lagt fé í verkefnið, Manneldisráð hefur lagt til vinnu og nokkur fyrirtæki og félög hafa styrkt útgáfuna.

En hvernig sameinum við þetta tvennt, gæði og hollustu?

Flestum er fyllilega ljóst að feitar og miklar krásir eiga ekki upp á pallborð hollustupostulanna, en að öllu jöfnu eru einkenni hollarar fæðu öðru fremur fólgin í góðu hráefni sem er matreitt án þess að því sé drekkat í fitu og sykri. Með góðu hráefni er heldur ekki endilega átt við dýrasta og fínasta hráefnið. Pvert á móti eru margar ódýrari fæðutegundir ekki síður ákjós-anlegar og því getur mæta vel farið saman átak til sparnaðar í heimilisrekstri og heilsusamlegra mataræði.

*Pannig er farið að:*

Berum ævinlega fram nóg grænmeti með matnum, hvort heldur er hrátt, soðið eða snöggsteikt í svoltilli olíu. Að sjálfsögðu notum við þær tegundir sem eru ódýrasta og bestar hverju sinni.

Drýgjum matinn með riflegum skammti af kartöflum, hrísgljónum, brauði eða pasta. Með þessu móti verður rétturinn hlutfallslega fituminni og um leið ódýrari þar sem minna þarf af kjöti í réttinni.

Notum matarolíu eða ólívuolíu í staðinn fyrir smjörlíki eða smjör við steikingu og aðra matargerð þar sem því verður við komið. Einnig er gott að nota olíu með sítrónu eða ediki út á salöt. Fitán í olíunni er mjúk og hækkar því ekki kólesterolið í blóðinu jafnvel þótt olían sé síst fituminni en smjör eða smjörlíki.

Gerum fituminni sósur. Margar algengar sósur eru í eðli sínu fitulitlar, til dæmis þær sem gerðar eru úr jöfnudum kjöt- eða grænmetiskrafti, tómatmauki eða niðursoðnum tómötum. Gamla, góða brúna sósan getur hæglega komist í þennan flokk. Sama er að segja um sósur þar sem uppistaðan er ávaxtamauk, grænmeti, edik, sinnep, mysa eða jógvírt. Fræg matargerðarlist Kínverja, Indverja og annarra Ásíuþjóða byggist að mestu leyti á slíku

meðlæti og sama er að segja um upprunalega ítalska, gríská og aðra suður- evrópska matreiðslu.

Feitari sósur má einnig undantekn- ingalítið aðlaga að hollustumarkmið- um. Hér eru nokkur einföld ráð til að minnka fitu í sósum og annarri matar- gerð.

- Í stað rjóma í uppskrift má svo til ævinlega nota kaffirjóma. Með því móti verður sósan ekki beinlínis fitusnauð, en þar sem rjóminn er þrisvar sinnum feitari en kaffirjómi sparast töluvert af fitu eða 24 grömm fyrir hvern desilítra. Eins getur léttmjólk komið í stað ný- mjólkur í mjólkurjafning eða aðrar mjólkursósur.
- Sýrður rjómi er fáanlegur í tveim fituflokkum, 18% og 10% fitu. Sá fituminni, sem er 10% feitur, hentar ekki síður í kaldar eða heitar sósur en sá feitari. Sama er að segja um fituskert majones í staðinn fyrir venjulegt majones. Þess ber þó að gæta að majones er það fiturík vara að jafnvel þó það sé fituskert veitir það um 40 grömm af fitu í hverjum desilítra. Venjuleg majones veitir hins vegar hvorki meira né minna en 82 grömm af fitu í desilítra. Því er æskilegra að nota fituskert majones í hófi og blanda það annað hvort með súrmjólk eða jógúrti.
- Ósykrað jógúrt án ávaxta eða súrmjólk henta einnig ágætlega í kaldar, kryddaðar sósur með grænmeti, fiski eða grilluðu kjöti. Slíkar sósur teljast blátt áfram fitusnauðar, því þessar vörur innihalda aðeins um 4 grömm af fitu í desilítra - borið saman við 82 grömm í majonesi.
- Í stað rjóma í fiskisósur er hægt að nota smurost og mysu, rjómaost og mysu eða smurost og léttmjólk. Með örlistlu maísmjöli til þykkingar fá sósurnar rjómakernda áferð - án mikillar fitu.

## Glóðuð smálúða í rækjusósu

### FYRIR 4

Gæði smálúðunnar njóta sín til fulls í þessum fljóttlega rétti. Fiskinum er brugðið undir glóð og rækjusósa gerð úr léttmjólk, smurosti og rækjum. Hollara getur það varla orðið.

800 g smálúðuflök  
salt og pipar/sítrónupipar  
1 msk. matarolía

#### Sósan:

4 dl	léttmjólk
¼ stk.	grænmetisteningur
4 msk.	smurostur
3 msk.	sósujafnari úr maísmjöli
½ tsk.	sítrónupipar
1 dl	rækjur
½ bt	steinselja, ný

#### Aðferð:

Leggið flökin á smurðan álpappír eða í smurt ofnfast fat. Penslið með olíu og stráið pipar eða sítrónupipar yfir. Látið bíða meðan sósan er gerð

#### Sósan:

Hitið mjólkina og grænmetiskraftinn að suðu. Bræðið smurostinn í mjólkinni. Jafnið sósuna með maísmjöli. Bætið sítrónupipar í eftir smekk. Setjið rækjurnar út í sósuna rétt áður en hún er borin fram og skreytið með steinselju.

#### Fiskurinn:

Stráið saltinu yfir fiskinn og setjið undir glóð í miðjum ofni og glóðið þar til hann hefur fengið fallegg lit og er gegnsteiktur. Tímalengdin fer eftir þykkt fisksins og hversu langt frá glóðinni fiskurinn er steikur. Yfirleitt tekur glóðarsteiking ekki meira en 5-7 mín. og jafnvel styttí tíma. Gætið þess að ofsteikja ekki fiskinn, því þá þornar hann og rétturinn verður ekki svipur hjá sjón. Berið lúðuna fram með soðnum kartöflum og grænmeti í sojalegi.

## Indónesískur lambakjötsréttur

### FYRIR 4

Þetta er sannkallaður veislumatur en afar auðveldur og hentugur. Athugið að það sem nefnt er tómatsósa í uppskriftinni er ekki venjuleg tómatsósa heldur sósa úr tómötum sem heitir á ensku tomato sauce og er sold í 400 g dósum.

1 kg	lambakjöt, beinlaust í bitum
1 stk.	laukur, saxaður
1 stk.	hvítlausrif, pressað matarolfa til steikingar
1 dós	tómatósa (tomato sauce)
1 dós	tómatmauk, lítil
1¼ dl	vatn
2 msk.	púðusykur

2 tsk.	karrý, frekar sterkt
½-1 tsk.	salt
1 stk.	kjúklingateningur
2 stk.	epli, afhýdd og í bitum
1 stk.	appelsína, í punnum sneidum og með berki
1¼ dl	rúsínur

#### Aðferð:

Hitið olíuna og brúnið kjöt og lauk í potti. Setjið allt sem fer í réttinni út í pottinn og sjóðið við vægan hita í um 45 mín. eða þar til kjötið er soði og gott bragð komið úr ávöxtunum í sósuna. Hrærið í af og til. Kryddið eftir smekk. Gott er að bera hrísgrjón og salt úr kínakáli og perum með réttinum.

## Kjúklingur í appelsínusósu

### FYRIR 4

Kjúklingur í appelsínusósu er dæmi um frábæran rétt sem er mjög fitulíttill og svipaða sögu má segja um flesta rétti þar sem ávextir eru uppistaðan í sósunni.

1	stk.	kjúklingur, 1200-1500 g
1	tsk.	paprikuduft
2	msk.	matarolía
1	stk.	laukur, 100 g, í sneiðum
2	dl	appelsínulykkni
3	msk.	púðusykur
3	msk.	steinselja, söxuð
1½	tsk.	sojasósa
3/4	tsk.	engiferduft
1¼	dl	vatn
1½	tsk.	sherrí
		salt og pipar

### Aðferð:

Takið haminn og alla fitu af kjúklingnum og hlutið hann í 8-10 bita, þerrið hann og penslið með blöndu af paprikudufti og olíu. Blandið saman í skál: Appelsínulykkni, púðusykri, steinselju, sojasósu, engifer, vatni og sherrí. Steikið bitana á öllum hliðum á djúpri pönnu. Dreifið laukhringjunum yfir. Hellid sósunni yfir kjúklinginn og laukinn. Látið lok yfir pönnuna og látið suðuna koma upp og lækkið síðan hitann og látið sjóða við vægan hita í 20-30 mín. eða þar til kjúklingurinn er soðinn. (Einnig má elda þennan rétt í ofni við 175 C í 35-40 mín.). Kryddið með salti og pipar. Berið réttinn fram með hrísgrjónum með spergilkáli.

Dæmi um allar þessar aðferðir er að finna í bókinni, auk fjölda annarra skemmtilegra rétta. Það er von okkar sem að bókinni stöndum að hún verði

kærkominn fengur öllum sönnum sækjurum sem vilja njóta lífsins lystisemda án þess að misbjóða líkama og heilsu.

## Kíví- og berjakrap

### FYRIR 4

1	stk.	sítróna, safinn notaður
300	g	sykur
4	dl	vatn
300	g	rifsber eða frosin hindber
4	stk.	kíví


### Aðferð:

Sjóðið sítrónusafa, sykur og vatn í opnum potti í 5 mín. Kælið hýðið af kívíavöxtunum og maukið þá og berin sitt í hvoru lagi í fædukvörn. Deilið vatnsblöndunni í tvennt og setjið kívímaukið í annan helminginn og berjamaukið í hinn. Frystið hvorutveggja sitt í hvoru lagi í lokuðu íláti eða í tvöföldum plastpoka. Hrærið í af og til. Mótið kúlur úr krapinu og skreytið með ávöxtum áður en krapið er boríð fram.

## HAPPDRÆTTI HJARTAVERNDAR 1992

### VINNINGASKRÁ

- |        |   |  |
|--------|---|--|
| 1.     | Til íbúðakaupa kr. 1.500.000,-                    | nr. <b>1215</b>  |
| 2.     | Lancer bifreið 1993 u.p.b. kr. 1.400.000,-        | nr. <b>89486</b>   |
| 3.     | Colt bifreið 1993 u.p.b. kr. 1.100.000,-          | nr. <b>71755</b>   |
| 4.-5.  | Til íbúðarkaupa á kr. 500.000,- þús. hvor         | nr. <b>41840</b> og <b>43781</b>   |
| 6.-15. | Til bifreiðakaupa hjá Heklu, hver á kr. 400.000,- | nr. <b>4887, 7277, 14213, 31011, 49533, 68008, 68749, 70288, 80989</b> og <b>83988</b> |



# HREYFING ER HEILBRIGÐI, HEILBRIGÐI ER LENGRA LÍF

Sund er bæði holtt og skemmtilegt.



ÍþRÓTTA- OG TÓMSSTUNDÁRÁÐ  
REYKJAVÍKUR

**Hjördís Kröyer, framkvæmdastjóri:**

# Norræna hjartaverndarsambandið



**Hjördís Kröyer**

Í janúar 1992 buðu Dönsku hjarta-verndarsamtökin (Hjerteforeningen) hjartaverndarsamtökunum á hinum Noðurlöndunum til eins dags fundar í Kaupmannahöfn, umræðuefnið var stofnun Nordic Heart Union - NHU, og voru allir fulltrúar því samþykkir, ákveðið var að fyrsti fundur NHU yrði í Kaupmannahöfn 22. og 23. október sama ár í boði dönsku samtakann.

Fulltrúar á fyrsta fundi NHU voru þeir sömu og á janúarfundinum, Erik Lauridsen, Sten M. Andersen og Lena Grønbech frá Hjartaverndarsamtökunum í Danmörku, Jussi Lukkari frá finnsku hjartaverndarsamtökunum, Marianne Bornelius og Björn Lillehöök frá hjarta- og lungnasamtökum í Svíþjóð, Sonja Stenmarck og Anne Kari Holm frá þjóðasamtökum um almannuheill í Noregi, Lise Berit Johannessen og Finn Grönseth (Finn var bara 23. okt.) frá Landssamtökum hjarta- og lungnasjúklinga í Noregi, Haraldur Steinþórsson og Þóra Þórðardóttir\* frá Landssamtökum hjartasjúklinga, Hjördís Kröyer og Benedikt Guðmundsson\* frá Hjartavernd (\*voru sem áheyrnarfulltrúar).


Erik setti fundinn og bauð gesti velkomna til fyrsta fundar NHU. Erik sagði frá Evrópska hjartaverndarsambandinu EHN og tilraunum til að stofna alþjóðlegt hjartaverndarsam-

